

AUGLÝSING
um samkomulag við Rússland um veiðiheimildir
innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011.

Hinn 21. október 2010 var undirritað í Lundúnum samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2011. Alþingi hafði með þingsályktun nr. 37/139 hinn 10. júní 2011 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins
um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011.

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2011, sem undirrituð var í dag af Íslandi, Evrópusambandinu, Færeyjum, Noregi og Rússneska sambandsríkinu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2011 allt að 4.256 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:
 - A. 64°00'N – 09°00'V
 - B. 67°00'N – 09°00'V
 - C. 69°25'N – 13°00'V
2. Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

London, 21. október 2010.

Fyrir hönd sendinefndar
Íslands:

Kristján Freyr Helgason

Fyrir hönd sendinefndar
Rússneska sambandsríkisins:

Elena Samoylova

ARRANGEMENT
between Iceland and the Russian Federation
on Access to the Icelandic Exclusive Economic Zone in 2011

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between Iceland, the European Union, the Faroe Islands, Norway and the Russian Federation on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2011, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels shall be granted access in 2011 to take up to 4.256 tonnes of herring within the Icelandic Exclusive Economic Zone outside a line drawn between the following points:
 - A. 64°00'N – 09°00'W
 - B. 67°00'N – 09°00'W
 - C. 69°25'N – 13°00'W
2. The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

London, 21 October 2010

For the Delegation of
Iceland

Kristján Freyr Helgason

For the Delegation of
the Russian Federation

Elena Samoylova

—————
C-deild – Útgáfudagur: 13. febrúar 2023